

Fiskimjölsverksmiðja á Snæfellsnesi:

Nesmjöl hefur lagt fram lánsúmsóknir

Stjórn Nesmjöls, sem fiskverkendur á Rífi, Ólafsvík og Hellissandi stofnuðu árið 1974, hefur nú lagt fram úmsóknir um lánaþyrirgreiðslu hjá opinberum sjóðum við byggingu fiskimjölsverksmiðju í Rífi eða á Ólafsvík eftir því, hvor staðurinn yrði talinn hentugri.

Þetta kemur fram í yfirlýsingu frá hreppsnendum Nesahrepps utan Ennis og Ólafsvíkurhrepps, sem blaðinu barst í gær, en þar óska þessir aðilar eftir að koma eftirfarandi á framfæri vegna féttu í fjölmöðum um fiskimjölsverksmiðju á Snæfellsnesi:

„Fiskverkendur í Rífi, Ólafsvík og Hellissandi stofnuðu með sér hlutafélag Nesmjöl h.f. þann 6. apríl 1974 í þeim tilgangi að koma upp fiskimjölsverksmiðju er unnið gæti allan feittfisk.

Stjórn Nesmjöls h.f. óskaði síðan eftir því við þingmenn Vesturlands að kannað yrði á

Alþingi hvort vilji væri fyrir því að ríkið byggði slíka verksmiðju á utanverðu Snæfellsnesi með tilliti til vaxandi loðnuveiða, en engin slík verksmiðja er nú til á svæðinu frá Akranesi að Bolungavík. Studdu sveitarstjórnir Neshrepps og Ólafsvíkurhrepps þessa ákvörðun, ennfremur ýmsir opinberir aðilar svo sem Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi.

Alþingi samþykkti í maí 1975 að ríkisstjórnin lét kanna hvort hagkvæmt væri að byggja og starfrækja fiskimjölsverksmiðju á utanverðu Snæfellsnesi, sem unnið gæti feitan fisk og fiskúrgang.

Ríkisstjórnin lét ekki hefja athugun á þessari samþykkt Alþingis fyrr en síðastliðið haust, og enn er nefnd að störfum um fiskimjölsverksmiðjur í landinu og hafa engar niðurstöður enn birtst úr þessari athugun ríkisstjórnarinnar.

Stjórn Nesmjöls h.f. hefur fyrir allöngu látið gera kostnaðaráætlun um byggingu 500 tónna verksmiðju, og hefur nú lagt fram úmsóknir um lánaþyrirgreiðslu hjá opinberum sjóðum, við byggingu slíkrar verksmiðju í Rífi eða Ólafsvík eftir því hvor staðurinn yrði talinn hentugri.

Hreppsnefndir Ólafsvíkurhrepps og Neshrepps utan Ennis hafa á sameiginlegum fundi á Hellissandi þann 23. febrúar 1977 ákveðið að styja af alefli áform Nesmjöls h.f. um byggingu slíkrar verksmiðju, og munu sameiginlega beita sér fyrir beinum stuðningi og viðtækri samstöðu um málið.

Hreppsnefndirnar beina þeim eindregnu tilmælum til stjórnvalda að jákvæð þyrirgreiðsla verði veitt í þessu þýðingarmikla máli, svo að framkvæmdir geti hafist hið fyrsta.

—ESJ

Smáatriði — eða hvað?

Vegamerki, flugvélahreyfill, séður út um glugga, bílruðupurrkur, heypokar, haustlauf í

polli, liðamót á borðlampa. Það sem þessir hlutir eiga sameiginlegt er að fæstir veita



Myndin sem Hringur Jóhannesson stendur hér við heitir Tæknin og sýnir liðamót á venjulegum vinnulampa. Ljós. JA.

þeim sérstaka athygli, en þó er einn maður sem sér þá sem spennandi myndamótíf. Hann er Hringur Jóhannesson listmálari og gefst fólki að líta myndir með þessum hlutum meðal annarra á sýningu sem hann opnaði að Kjarvalsstöðum um helgina.

Á sýningunni eru 51 ollumálverk og 43 teikningar. Sagði Hringur í samtali við Vísi að sér fyndist þessar tvær tegundir mynda fara vel saman á sýningu. Hins vegar sýndi hann olukrítarmyndir sínar sérstaklega. Hringur hefur ekki sýnt ollumálverk síðan 1973 og sagði hann að á þessari sýningu væru flestar þær myndir sem hann hefði málað síðan.

Hringur hefur haldið 11 meiri háttar einkasýningar. Hann á núna 9 ollupastelmyndir á farandsýningunni Óga mot óga, sem fer milli höfuðborga Norðurlanda um þessar mundir. Eins á hann verk á Listasafni Íslands, Listasafni A.S.I., safni Reykjavíkurborgar, Kópavogs, Borgarness, Akureyrar og víðar á einkasöfnum.

Sýningin er opin til 13. mars kl. 16—22 virka daga og 14—22 um helgar. — SJ.

Sýna plaköt frá Palestínu

Palestínunefndin á Íslandi hefur opnað sýningu á palestínskum plakötum og ýmsum öðrum munum í Galleri SUM og mun sýningin verða opin klukkan 4 til 8 virka daga og 2 til 10 laugardaga og

sunnudaga, frá 20. febrúar til 6. mars.

Markmið Palestínunefndarinnar með þessari sýningu er að kynna Íslendingum baráttu palestínaraba og gefa innsýn í

menningu þeirra og daglegt líf. Aðgangur að sýningunni í Galleri SUM er ókeypis. Allar myndirnar eru til sölu við vægu verði.

—EKG

MEGRUNARLEIKFIMI



Nýtt námsekið
Vigtun — Mæling — Gufa — Ljós
— Kaffi — Nudd — Megrunar-
fæða — Matseðill.

Innritun og upplýsingar í síma
83295 alla virka daga kl. 13-22.



Júðódeild Armanns
Armúla 32.

Ráðstefna BSRB um lífeyrismál

Bandalag starfsmanna ríkis og bæja heldur ráðstefnu um lífeyrismál-efni starfsmanna ríkisins 17.—19. mars í félagsheimili Hreyfils við Fellsmúla í Reykjavík.

Á ráðstefnunni mun Hákon Guðmundsson, formaður stjórnar Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins, og Guðjón

Hansen, tryggingafræðingur, flytja erindi, og upplýsingar verða gefnar um biðreikning fjármálaráðuneytisins og lífeyrisjóði bæjarstarfsmanna og annarra.

Ráðstefnan er opin öllum áhugamönnum um lífeyrismál-efni opinberra starfsmanna, m.a. eftirlaunafólki, og ber að tilkynna þátttöku á skrifstofu BSRB fyrir 15. mars n.k.

—ESJ



Þjóðum yður: Andlitsböð og húðhreinsun. Fjarlægjum óæskilegan hárvöxt í andliti. Litun. Kvöldföðun. Hand og fótisnyrting. Afsláttur á 3ja skipta andlitsnuddkúrum. Vinnum úr hinum viðurkenndu frönsku LANCOME snyrtivörum.

Fegrunarsérfræðingarnir:

Helga Valsdóttir og Gerður Guðmundsdóttir

Snyrtistofan Gyðjan sf Glæsibæ sími 35044



Verzlunar- og skrifstofufólk

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur heldur félagsfund að Hótel Esju, þriðjudaginn 1. mars kl. 20.30. Fundarefni:

Kjaramál.

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur



Sérréttur okkar í kvöld er:

Gufusoðin nautasteik með kartöflustöppu, hrásalati og snittubaunum.

Verð kr: 1040/—

ESJUBERG